

Hafnarfjörður 28. september, 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
101 Reykjavík

Foreldraráð Hafnarfjarðar
220 Hafnarfirði

Efni: umsögn foreldraráðs Hafnarfjarðar

um tillögu að breytingum á viðmiðunarstundarskrá grunnskóla

Í tillögu á viðmiðunarstundarskrá grunnskóla um fjölgun kennslustunda í móðurmáls- og náttúrufræðigreinum hefur ekki verið sýnt nægilega fram á að fjölgun kennslustunda muni bæta þekkingu nemenda. Stjórn foreldraráðs Hafnarfjarðar telur brýnna að efla gæði náms, t.d. með betri námsgögnum, aukinni símenntun kennara og bættri stoðþjónustu við nemendur. Þá lýsum við einnig yfir áhyggjum að með tillögunum er verið að skerða frelsi grunnskólana til þess að ráðstafa kennslustundum og bjóða upp á val fyrir nemendur, sem tengist þeirra áhugasviði.

Frelsi grunnskólana gerir þeim betur kleift að takast á við breytingar og þróa starf sitt. Þar eru ýmis sjónarmið á lofti samanber skýrslu UNICEF en þar kemur fram að félagsfærni íslenskra barna sé ábótavant. Samkvæmt því væri rétt að auka vægi samfélagsgreina í grunnskólum. Við það má bæta að einn grunnþáttur menntunar er jafnrétti sem virðist fá lítið vægi í íslensku skólakerfi og miðað við umræðu nútímans og veruleika ungs fólks í netheimum er mikil þörf á aukinni jafnréttisfræðslu.

Vissulega má færa rök fyrir því að bæta þurfi kennslu náttúrugreina á Íslandi. Ef áætlaðar breytingar á viðmiðunarstundaskrá taka gildi er verið að gefa út þau skilaboð að magn sé mikilvægara en gæði. Réttara væri að rýna betur í gæði kennslu náttúrugreina, til dæmis menntun og áhuga kennara, námsefni, námsgögn og aðstöðu til kennslu í náttúrugreinum. Hér er einnig verið að auka miðstýringu og skerða frelsi skóla sem gagnast til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda. Það er algjörlega í berhöggi við stefnu líkt og Skóli án aðgreiningar. Við teljum að þær breytingar sem lagðar eru fram þarfnist töluvert betri rökstuðnings og rannsókna sem styðja við gagnsemi breyttrar viðmiðunarstundaskrár og erum mótfallin breytingunum.

Fyrir hönd stjórnar foreldraráðs Hafnarfjarðar

Stefán Már Gunnlaugsson, formaður
Kristín Ragnarsdóttir, áheyrnarfulltrúi foreldra í fræðsluráði